

**Sp.**

**27. Tillaga til þingsályktunar**

[27. mál]

um að leggja niður starfsemi embættis húsameistara ríkisins.

Flm.: Stefán Benediktsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að annast framkvæmd þeirra aðgerða, sem nauðsynlegar eru, til að leggja meggi niður starfsemi embættis húsameistara ríkisins.

**Greinargerð.**

Tillaga þessi byggist á þeirri skoðun Bandalags jafnaðarmanna að leggja beri niður þá starfsemi á vegum ríkisins sem í ljósi breyttra atvinnuhátta, tækni og annarra aðstæðna er hægt að sinna með hagkvæmari hætti.